

EFTIRLITSSKÝRSLA

Hólalax Hjaltadal



Dags eftirlits	5.9.2013	Fulltrúi UST	Guðbjörg Stella Árnadóttir
Fyrirtæki	Hólalax	Fulltrúi UST	
Heimili	Hólum I	Tegund eftirlits	Reglubundið
Kennitala	601279-0299	Flokkur	Fiskeldi
Fulltrúi fyrirtækis	Friðrik Steinsson	ÍSAT nr.	
Fulltrúi fyrirtækis		Staðsetning	494922,721 581709,174

NIÐURSTAÐA EFTIRLITS

Tvö frávik komu fram við eftirlit, annars vegar hvað varðar frágang á olútank og hins vegar að engin trommlusía er til staðar. Ein athugasemd var gerð hvað varðar mælieiningar í niðurstöðum frárennismælinga.

UMFANG EFTIRLITS

Haldinn var samráðsfundur skv. gr. 4.2 í starfsleyfi. Fulltrúi Heilbrigðiseftirlits Norðurlands vestra mætti á fundinn og var farið yfir stöðu fyrirtækisins, framtíðaráform og reksturinn. Mun rekstraraðili senda fundargerð til yfirlstrar.

Farið var yfir starfsleyfið og minnt á skiladaga skv. því. Skv. gr. 3.7. skal skila inn ársyfirlit fyrir 1. mars ár hvert og skv. gr. 3.8. grænu bókhaldi og útsreymisbókhaldi fyrir 1. maí. Séu þessum skýrslum skilað í einni heildarskýrslu þarf að skila fyrir 1. mars ár hvert.

Minnt var á að sýnataka skv. vöktunaráætlun skuli næst framkvæmd árið 2015.

Frárennislækur og settjarnir voru skoðaðar. Gróðurmyndun (grænt slý) mátti greina í botni frárennislæks en þó ekki óeðlilega mikla miðað við árstíma. Ekki var að sjá óeðlilegan vöxt gróðurs í settjörnum en greina mátti skít eða fôðurleyfar í frárennislæk, sérstaklega við ræsi sem liggur undir vegslóða og yfir í settjörn. Um uppsöfnun var þó ekki að ræða. Um tug sjófugla mátti sjá á sveimi yfir frárennislæk og settjörnum og á annan tug anda mátti sjá synda á fremri settjörnninni.

Farið var yfir úrgangsmál. Allur dauðfiskur er settur í lokaðar tunnur til geymslu og síðan losaður í sérstakan urðunargám sem kemur reglulega í sveitina. Öllm tónum fôðuropokum er safnað saman og þeir keyrðir í endurvinnslugám sveitarfélagsins. Allt annað sorp er flokkað.

Farið var yfir sýnatökur ársins 2012 og sýnatökustaði.

Minnt var á að öll gögn skuli send á ust@ust.is, sem og á netfang eftirlitsmanns.

Frávik frá	Lýsing á fráviki
gr. 2.9 í starfsleyfi	Gerð er athugasemd við 1.000L olútank sem staðsettur er við húsvegg stöðvarinnar. Engin árekstrarvörn er í kringum tankinn og stendur hann á grasbletti svo olía á greiða leið niður í jarðveginn komi rof á tankinn. Farið er fram á að frágangur við olútank verði bættur þannig að ekki sé hætt á að olía leki ofan í jarðveg komi rof á tankinn sem og að gætt sé að árekstrarvörnum. Óskar rekstraraðili um frest til að vinna að úrlausn og er gefinn frestur til 1. nóvember 2013 til að skila inn tímasettri áætlun hvað þetta frávik varðar.
gr. 2.2 í starfsleyfi	Bent er á að sækja þurfi um undanþágu til Umhverfisstofnunar frá gr. 2.2. í starfsleyfi þar sem kveðið er á um hreinsun með trommlusíu áður en frárennili er veitt í settjarnir. Engin trommlusía hefur verið notuð við frárennilið en skv. mælingum eru mæld gildi skv. gr. 2.4. vel innan marka frá settjörnum. Rekstraraðili sendi inn umsókn um undanþágu hvað þetta ákvæði varðar þann 24. september 2013 og beðið er eftir niðurstöðum.


ATHUGASEMDIR

Niðurstöður mælinga sem birtar eru í Grænu bókhaldi eru gefnar í mælieiningunni mg/L. Skv. gr. 2.4 í starfsleyfi eru viðmiðunarmörkin gefin í Kg/framleitt tonn og ber því að umreikna mæliniðurstöðurnar skv. því og birta í Grænu bókhaldi.

ANNAD

Viðstaddar eftirlitið voru Svanfríður Dóra Karlsdóttir frá UST og Steinunn Hjartardóttir HNV.

Reykjavík, 11.09.2013



Guðbjörg Stella Árnadóttir

- 1 Frávik: Framkvæmd telst ekki í samræmi við kröfur sem settar eru fram í starfsleyfi, lögum eða reglugerðum.
- 2 Athugasemd: Ástand sem eftirlitsmaður telur vert að vekja athygli á í þágu heilsuverndar, umhverfisverndar og öryggis en sem ekki geta talist frávik.